



ÁRSSKÝRSLA ORKUSTOFNUNAR 2004

Efnisyfirlit

Ávarp orkumálastjóra	3
Orkudeild	4
Hagkvæm orkunotkun	4
Orkusparnaður	6
Rafmagn í 100 ár	7
Orkusjóður	7
Umsjón og eftirlit með raforkugeiranum	8
Miðlun upplýsinga	9
Auðlindadeild	10
Hlutverk og helstu viðfangsefni	10
Gagnagrunnar	11
Vatnamælingar	12
Ráðgjöf og umsgnir	14
Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna	15
Orkutölfræði	16
Annáll orkumála	18
Rekstur Orkustofnunar á árinu	20
Reikningar	22
Skýrslur, rit og greinar árið 2004	24
Starfsmannafélag OS og ÍSOR	27



Orkugarði
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000

Borgum
600 Akureyri
Sími: 460 1380


Þverklettum 2-4
700 Egilsstöðum
Sími: 528 9709

os@os.is
www.os.is

Kápumynd: Frá Lakagígum
Ljósm. Oddur Sigurðsson

Gefið út af Orkustofnun í mars 2005
Ritstjóri: Helga Barðadóttir
Hönnun og umbrot: Vilborg Anna Björnsdóttir
Prentun: Gutenberg
ISBN 9979-68-154-3

Skipurit Orkustofnunar





Ávarp orkumálastjóra



Um þessar mundir er margt um að vera í orkumálum landsins: Unnið er að langstærstu virkjun landsins, jarðhitavirkjanir í undirbúningi, tilraunir með vetni sem orkubera, öllu fyrirkomulagi raforkumála gjörbreytt o.s.frv. Þetta endurspeglast að sjálfsögðu í starfi Orkustofnunar.

Á Vatnamælingum stofnunarinnar hefur að vanda verið mikið umleikis. Þótt dregið hafi úr sumum verkefnum, svo sem vegna undirbúnings Kárahnjúkavirkjunar, hefur annað komið í staðinn, t.d. samnorrænt rannsóknarverkefni á sviði orku- og loftslagsmála. Í innra skipulagi einingarinnar ber hæst átak í gæðamálum en stefnt er að vottun á gæðakerfi. Það er tímabært enda eru upplýsingar um vatnafar forsenda fjárfestinga í virkjunum þar sem miklir fjármunir eru lagðir undir.

Starfsemi Jarðhitaskólans hefur eflst á undanförunum misserum. Ánægjulegt var að sjá tvo stúdenta frá Kenía ljúka meistaraþrófi í jarðhitafræðum við Háskóla Íslands, en meistaranám hefur verið vaxandi þáttur í starfi skólans. Jafnframt er hafinn undirbúningur að námskeiðum á vegum skólans í þróunarlöndunum sjálfum.

Á árinu var lokið við allar mælingar sem taldar eru nauðsynlegar til að rökstyðja hafréttarkröfur Íslendinga. Orkustofnun var falið umsjón mælinganna og úrvinnsla þeirra, sem Íslenskar orkurannsóknir annast í hennar nafni af stakri þryði. Undirbúningur hófst við gagnaöflun fyrir síðari áfanga rammaáætlunar um nytingu vatnsafls og jarðvarma, einkum með rannsóknum á litt þekktum háhitasvæðum.

Mesta breytingin á árinu varð á orkumálasviði stofnunarinnar, þar sem opinberum stjórnsýsluverkefnum er sinnt. Sviðið starfar samkvæmt nýju skipulagi þar sem verkum er skipt í auðlindamál annars vegar og orkumál hins vegar. Á auðlinda-deildinni er fjallað um auðlindirnar áður en að

nytingu þeirra kemur, rannsóknir fyrir opinbert fé skipulagðar og fjallað um rannsóknarleyfi. Á orku-deildinni er m.a. safnað gögnum um orkutölfærðir og unnið að orkuspám. En helsta nymælið var að hafist var handa við það af fullum krafti að framfylgja nýjum raforkulögum og sinna því eftirliti sem þar um ræðir. Á þessu upphafsári hefur vinnan tvinnast mjög saman við aðstoð við ráðuneytið um lagasmíð og setningu reglugerða. Má segja að stofnunin sé komin með annan fótinn í búningsherbergið við hið pólitíska leiksvið og þá er mikilvægt að verða ekki fótaskortur. Starfið er ekki fullmótað en unnið er að því að semja verklagsreglur um umsýsluna um raforkulögin. Orkustofnun hefur verið óvenjumikið í sviðsljósinu á árinu. Hingað hafa komið erlendir ráðherrar, sendiherrar og embættismenn enda er sívaxandi áhugi á orkumálum landsins á alþjóðavettvangi. Og vísindamenn stofnunarinnar hafa staðið að merkingu ráðstefnum. Þar má nefna alþjóðlega ráðstefnu um skilyrði lífs á öðrum plánetum. Á innlendum vettvangi má nefna tvær ráðstefnur um nýja orkugjafa og vistvænt eldsneyti, en Orkustofnun haslaði sér völl á síðarnefnda sviðinu á árinu. Þar er ætlunin að horfa með opnum huga á alla möguleika til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Á tímum tölvuvæðingar eru gagnamál og miðlun gagna æ mikilvægara verkefni stofnana eins og Orkustofnunar og á árinu voru kynntir tveir nýir vefir, Gagnavefsjá og Orkutölur. Vefirnir auðvelda almenningi aðgang að gögnum um orkulindir og orkubúskap. Áfram verður haldið á þessari braut enda eru möguleikarnir til miðlunar og framsetningar nánast ótakmarkaðir.

Einatt er sagt í ávörpum sem þessum að stofnunin sé á tímamótum – og enn er hægt að nota það orðfæri. Raunar lýsti það stöðnun ef stofnunin væri ekki á tímamótum og að líðið ár væri ekki ár mikilla breytinga. Ég endurtek þessi orð því hér í lokin og vonast til að þau megi nota enn um hríð!

Þorkell Helgason
orkumálastjóri



Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Orkudeild

Hagkvæm orkunotkun

Eitt af áhersluverkefnum orkumálasviðs í orkumálum er að stuðla að skilvirkri orkunotkun og kanna mögulega nýtingu annarra orkugjafa. Í því skyni hefur á undanförunum árum verið unnið að tveimur rannsóknarverkefnum. Annars vegar er um að ræða hagkvæmnisúttekt á nýtingu varmadælu til húshitunar á þeim lághitasvæðum landsins þar sem möguleikar eru á frekari nýtingu jarðhita. Hins vegar vinnur stofnunin að því í samvinnu við iðnaðarráðuneytið að gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Þá voru gerðir samningar um þrjú orkusparnaðarverkefni í lok árs.

Varmadælur

Notkun varmadælna til húshitunar nýtur vaxandi vinsælda víða um heim. Kostur þeirra felst fyrst og fremst í góðri orkunýtni þar sem stór hluti varmaorkunnar er tekinn úr umhverfinu, t.d. úr grunnnum borholum. Í samræmi við lög um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar vinnur Orkustofnun að könnun á hagkvæmni þess að nýta varmadælur hér á landi, m.a. í þeim tilgangi að draga úr niðurgreiðslum ríkisins vegna rafhitunar. Íslenskar orkurannsóknir hafa unnið skýrslu fyrir stofnunina um þetta mál og mun hún koma út fyrri hluta árs 2005. Framhald verkefnisins ræðst af niðurstöðum skýrslunnar.

Smávirkjanir

Í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er ákvæði til bráðabirgða um að Orkustofnun, í samvinnu við iðnaðarráðuneytið, skuli á næstu fimm árum gera úttekt á möguleikum á nýtingu smávirkjana á landsbyggðinni. Heimilt er að verja til verkefnisins allt að 5 m.kr. árlega af fjárveitingu sem ákveðin er til niðurgreiðslu rafhitunar.

Auglýst var eftir umsóknum um styrk til frumathugunar á virkjunarkostum. Alls hafa borist 50 umsóknir og hafa 35 umsækjendur farið fram á frekari aðstoð við undirbúning virkjunar.

Niðurgreiðslur húshitunar- kostnaðar

Lög um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði voru sett í maí 2002, en húshitun á svæðum þar sem ekki hefur fundist jarðhiti hefur verið niðurgreidd af ríkissjóði frá árinu 1982. Veigamiklar breytingar voru gerðar á lögunum árið 2004 sem veitti fleirum rétt til niðurgreiðslna, þar á meðal söfnum, björgunarsveitum og félagsheimilum. Einnig var tekið tillit til þeirra sem reka fleiri en eitt heimili svo sem vegna atvinnu sinnar eða náms. Tæplega 40.000 landsmanna njóta niðurgreiðslna á húshitun.

Niðurgreiðslulögin snúa ekki eingöngu að því að niðurgreiða húshitunarkostnað. Alls 25 til 30% af þeim fjármunum sem ríkissjóður leggur til niðurgreiðslna fara í að styrkja hitaveitur til að stækka dreifikerfi sitt, til jarðhitaleitar á köldum svæðum eða orkusparnaðaraðgerða. Tilgangurinn er að fækka þeim sem njóta niðurgreiðslna og hvetja til orkusparnaðar.



Ljósmynd: Friðbjörn Möller

Skrifstofur Akureyrarseturs Orkustofnunar eru í Borgum, nýju rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri.

Akureyrarsetur í nýtt húsnæði

Í október 2004 flutti Akureyrarsetrið starfsemi sína frá Rangárvöllum í nýtt og glæsilegt húsnæði Háskólans á Akureyri. Í húsinu starfa á annan tug rannsóknarstofnana, auk háskólans. Vonir standa til að stærra húsnæði muni í framtíðinni efla starfsemi Orkustofnunar á Akureyri en þar er nú til húsa Orkusjóður, umsjón höfð með niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði og jarðhitaleit á köldum svæðum svo og umsjón með uppbyggingu smávirkjana ásamt fleiri verkefnum.

Vettvangur um vistvænt eldsneyti

Á ríkisstjórnarfundum í janúar 2004 var stofnað til nýs verkefnis sem hlaut nafnið vettvangur um vistvænt eldsneyti og var 20 m.kr. varið til þess. Hlutverk skrifstofunnar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um kosti varðandi eldsneyti eða hliðstæða orkubera fyrir skip og bifreiðar, afla upplýsinga innan lands sem utan á þessu sviði og miðla þeim til hlutaðeigandi aðila. Áhersla hefur verið lögð á vetnismál, en einnig hefur verið unnið að öðrum málum, t.d. lífaldsneyti og gjöldum á bifreiðar. Mikilvægasta hlutverk vettvangsins er vinna að stefnumörkun í málum sem tengjast eldsneyti. Þar er einna brýnast að skapa umhverfi sem hvetur til sparneytni og notkunar vistvænna orkubera. Undir merkjum þessa nýja verkefnis hefur verið unnið að ýmsum kynningarmálum og erlent samstarf verið öflugt.

Frá ráðstefnu um vistvænt eldsneyti 26. október 2004



Ljósmynd: Helga Barðadóttir

Þorkell Helgason, orkumálastjóri, Páll Valdimarsson, fundarstjóri og Ágúst Valfells, stjórnandi vettvangs um vistvænt eldsneyti.



Ljósmynd: Helga Barðadóttir

Húsfyllir var á ráðstefnu um vistvænt eldsneyti.



Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Orkusparnaður



Ljósmynd: Broddi R. Hansen

Nýting vatns og orku í fiskeldi

Með breytingum á raforkuumhverfi hækkar raforkuverð til fiskeldisfyrirtækja vegna niðurfellingar á sérstökum afsláttarkjörum. Því er brynt fyrir greinina að leita leiða til að lækka raforkukostnað eins og kostur er. Í því skyni hófst að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins rannsóknarverkefni í samvinnu við Háskólann á Hólum um endurnýtingu vatns við fiskeldi og orkusparnað því samfara. Verður verkefnið unnið í fiskeldisstöð Hólalax, í samvinnu við skólann. Markmið rannsókna er að kanna hvort endurnot vatns í landeldi sé raunhæfur kostur við íslenskar aðstæður og leggja mat á mögulegan orkusparnað. Niðurstöurnar verða öllum aðgengilegar á vef verkefnisins þannig að áhugasamir geta fylgst með framgangi tilrauna.

Ástandskönnun húsa

Gera þarf íbúðareigendur sem nota rafhitun meðvitaða um heildarkostnað vegna þessa og til hvaða

aðgerða unnt sé að grípa til orkusparnaðar. Veigamikill þáttur í húshitunarkostnaði er einangrun bygginga. Eldri hús eru oft ekki einangruð í samræmi við nútímakröfur eins og eðlilegt er og standast þar með ekki kröfur byggingarreglugerðar. Upplýsa þarf húseigendur um hvernig megi á einfaldan hátt meta hvort eðlilegt eða nauðsynlegt sé að ráðast í endurbætur á húsnæði svo spara megi orku. Verkefnið er unnið í samstarfi við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Greining á íbúðarflokkum og hagkvæmniútreikningar

Niðurgreiðslur til húshitunar nema nú um 800 m.kr. árlega og hefur sú upphæð verið hækkuð með innleiðingu nýju raforkulaganna vegna hækkingar sem verður á rafhitunarkostnaði. Brynt er að finna leiðir til að lækka þennan kostnað samfélagsins með því að hvetja fólk til orkusparnaðar og/eða til að finna aðrar ódyrari aðferðir til húshitunar.

Í verkefninu verður lagt mat á núverandi niðurgreiðslukerfi til húshitunar. Reiknuð verður hagkvæmni þess að skipta yfir í aðra orkugjafa og einnig á því að veita styrki til að bæta einangrun húsnæðis og veita húseigendum ráðgjöf.

Þá skal skilgreina íbúðarflokka út frá hlutfalli húshitunar af heildarraforkunotkun.

Unnið verður að hagkvæmniútreikningum og greiningu á íbúðarflokkum í samvinnu við verkfræðideild Háskóla Íslands. Byggt verður á reynslugögnum raforkufyrirtækja og athugun á þeirri starfsemi sem um er að ræða, svo sem búskap og annarri atvinnustarfsemi.

Rafmagn í 100 ár



Ljósmynd: Ásgeir Long

Rafmagn var fyrst framleitt með fallorku vatns hér á landi í Hamarskotslæk í Hafnarfirði 12. desember 1904. Fyrir því stóð bóndinn og smiðurinn Jóhannes Reykdal. Í upphafi var virkjunin aðeins 9 kW en var síðar stækkuð. Jóhannes leiddi rafmagnið heim til sín og næstu nágretta til ljósa og á trésmíðaverkstæði sitt. Samorka hélt veglega upp á 100 ára afmælið með ýmsum uppákomum. Sett var á fót sérstök afmælisnefnd og var Þorgils Jónasson fulltrúi Orkustofnunar í henni.

Hafnfirðingar fengu táknræna gjöf fyrir fyrstu virkjunina í Hamarskotslæk, risastóra ljósaperu, sem var afhent í afmælishófi 12. desember 2004. Ljósaperan er hönnuð af Ásgeiri Long vélstjóra í Garðabæ. Framvegis verður á hverju ári haft kveikt á perunni í desember.

Stefnumótun stjórnvalda

- Verulegar breytingar voru gerðar á lagaumhverfi raforkumarkaðar árið 2004. Hinum nýju raforkulögum, nr. 65/2003 var breytt meðal annars í kjölfar niðurstöðu hinnar svokölluðu 19 mannanefndar. Meginverkefni nefndarinnar var að ákvarða framtíðarfyrirkomulag flutnings raforku hér á landi. Niðurstaðan var sú að flutningur raforku er í höndum eins fyrirtækis, Landsnets hf., sem tók til starfa 1. janúar 2005.
- Sett voru lög nr. 98/2004 sem hafa það að markmiðið að jafna kostnaði við dreifingu raforku á dreifbýlissvæðum, þar sem kostnaður er sannanlega hærrí en almennt gerist. Á fjárlögum var veitt 230 m.kr. til þessa verkefnis.
- Breytingar voru gerðar á lögum nr. 78/2002 um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Mesta breyting er sú að nú er heimilt að miða stofnstyrki hitaveitna við 8 ára niðurgreiðslur húshitunar í stað 5 ára áður. Eru líkur til þess að breytingin greiði fyrir lagningu nýrra hitaveitna á landsbyggðinni og dragi þannig úr þörf á niðurgreiðslum til húshitunar. Á fjárlögum var gert ráð fyrir 900 m.kr. til niðurgreiðslna húshitunar fyrir árið 2004.
- Iðnaðarráðherra hefur lagt fram tvö viðamikil frumvörp sem varða grundavallarákvæði fyrir orku- og aðra auðlindanýtingu. Það er annars vegar frumvarp til nýrra vatnalaga í stað laga nr. 15/1923 og hins vegar frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu jarðrænna auðlinda, sem er ætlað að koma í stað laga nr. 57/1998. Í bráðabirgðaákvæði við frumvarp um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu er lagt til að skipuð verði nefnd sem geri tillögu um það með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi á grundvelli laganna og þannig mörkuð framtíðarstefna um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til.

Orkusjóður

Um styrkveitingar úr Orkusjóði gilda ákvæði laga nr. 87/2003 svo og verklagsreglur á grundvelli reglugerðar nr. 514/2003 um Orkusjóð. Iðnaðarráðherra tekur ákvarðanir um styrk- og lánveitingar úr sjóðnum að fengnum tillögum orkuráðs.

Á árinu 2004 hafði Orkusjóður 30 m.kr. til styrkveitinga. Leitað var umsókna til verkefna á eftirtöldum sviðum:

- A. Verkefna sem leiddu til hagkvæmrar orkunotkunar með sérstakri áherslu á aukna hagkvæmni í orkunýtingu og orkusparnað, þekkingaröflun og miðlun þekkingar svo og rannsóknar- og þróunarstarf.
- B. Verkefna sem leiddu til minni notkunar jarðefnaeldsneytis með sérstakri áherslu á hönnun eða smíði tækja og búnaðar, svo og nýjar leiðir til orkuöflunar eða orkuframleiðslu.

Alls bárust 26 umsóknir og var styrkjum úthlutað til 14 verkefna, samtals að upphæð 29,1 m.kr. Áætlaður heildarkostnaður við þau verkefni sem styrkt voru nam 102 m.kr.



Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Umsjón og eftirlit með raforkugeiranum

Viðamesta verkefni orkudeildar á árinu 2004 var nýtt eftirlitshlutverk með sérleyfisþáttum raforku, flutningi og dreifingu.

Með raforkulögum sem sett voru árið 2003 var Orkustofnun falið viðtækt umsjónarhlutverk með raforkumálum, einkum eftirlit með sérleyfisþáttum, þ.e. flutningi og dreifingu á raforku. Hér á eftir er greint frá helstu verkefnum sem tengjast þessu nýja hlutverki

- Snemma á árinu hófst greining á bókhaldsgögnum dreifiveitna og Landsvirkjunar og staðfesting á því að flokkun væri í samræmi við kröfur um aðskilnað bókhalds í raforkulögum.
- Ýmsar breytingar voru gerðar á raforkulögum, ekki síst vegna breytinga á umfangi flutningskerfisins. Lagabreytingar voru samþykktar bæði á vor- og haustþingi.
- Starfsmenn Orkustofnunar, fulltrúar Samorku og iðnaðarráðuneytis skipuðu vinnuhópa til að vinna drög að reglugerðum um niðurgreiðslur á kostnaði við dreifingu raforku í dreifibýli, um viðskipti með raforku og mælingar og um gæði og afhendingaröryggi raforku. Auk þess var skipaður vinnuhópur til að vinna að tillögum að breytingum á reglugerð um framkvæmd raforkulaga vegna ákvæða um gjaldskrár dreifiveitna og tekjumörk.
- Starfsmenn Orkustofnunar aðstoðuðu sérskipaða nefnd iðnaðarráðuneytisins, sem fékk það hlutverk að verðmeta eignir flutningssviðs Landsvirkjunar, RARIK, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur inn í nýtt flutningsfyrirtæki, sem fengið hefur nafnið Landsnet hf. Fyrirtækið tók formlega til starfa 1. janúar 2005.
- Unnið var að skilgreiningu tekjumarka fyrir flutningsfyrirtækið og dreifiveiturnar. Tekjumörkin fyrir árið 2005 eru byggð á meðaltali rekstrarkostnaðar fyrirtækjanna fyrir árin 2002 og 2003, afskriftum, orkutöpum og arðsemi. Þá var lögð 1% hagræðingarkrafa á öll fyrirtækin. Hagræðingarkrafa mun að líkindum breytast og verða sértæk fyrir hvert fyrirtæki.
- Orkustofnun barst tillaga að gjaldskrá fyrir flutning raforku til stórnotenda og dreifiveitna frá flutningsfyrirtækinu í nóvember. Gjaldskrár þriggja dreifiveitna voru staðfestar af Orkustofnun fyrir áramótin.
- Orkustofnun tók þátt í samstarfi norræna og evrópskra eftirlitsstofnana með raforkugeiranum. Ýmsar gagnlegar upplýsingar hafa fengist með samstarfinu og verður því haldið áfram.

Miðlun upplýsinga



Í lögum um Orkustofnun er kveðið á um að stofnunin skuli safna og miðla upplýsingum um orkulindirnar, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, og varðveita gögn og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings. Til að uppfylla ákvæði laganna hefur verið unnið talsvert að því að gera gögn stofnunarinnar aðgengileg, meðal annars með hjálp veraldarvefsins og voru á árinu opnaðir tveir nýir vefir, Gagnavefsjá og Orkutölur.

Gögnin eru og verða tengd gagnagrunni stofnunarinnar og því verður hægt að kalla fram nýjstu upplýsingar á hverjum tíma. Það er von stofnunarinnar að almenningur nýti sér síðurnar til fróðleiks, gagns og gamans.

www.gagnavefsja.is

Gagnavefsjá Orkustofnunar var opnuð á ársfundi stofnunarinnar 2004. Með vefsjónni er hægt að finna og skoða gögn um auðlindir og náttúru Íslands, vatnshæðarmælakerfi Vatnamælinga, upplýsingar um orkulindir, orkubúskap, orkunotkun og aðrar rannsóknir um náttúruferla landsins sem Orkustofnun hefur aflað fyrir almannafé. Einnig er veittur aðgangur að gögnum sem stofnunin hefur aflað fyrir verkkaupa sem hafa gefið samþykki sitt til birtingar. Auk þess má finna gögn um jarðamörk, bæi o.fl. Niðurstöður verkefnis að gera vind- og vindorkuatlas, sem unnið er í samvinnu við Veðurstofuna, birtast nánast jafnóðum og útreikningum lýkur. Vinnu við slík upplýsingaverkefni lýkur seint og þannig má búast við fleiri gögnum í vefsjónni á næstunni, svo sem útlínum jökla á ýmsum tímabilum.

Vinnan við Gagnavefsjána fór að miklu leyti fram hjá Vatnamælingum, í nánú samstarfi við sérfræðinga Íslenskra orkurannsókna en fjármögnun og umsjón þess var á vegum auðlinda-deildar stofnunarinnar.

Á Vatnamælingum var lokið við frumgerð að áþekktum vef um náttúru landsins, svokallaða Náttúruvefsjá, sem unnin var í samstarfi við tíu stofnanir og fyrirtæki með styrk frá Rannís. Vinnan við Gagnavefsjána byggðist því á reynslu af Náttúruvefsjónni.

www.orkutolur.is

Í desember 2004 var vefsíðan orkutölur opnuð. Vinnan við síðuna var í höndum starfsmanna orkudeildar. Þar er að finna ýmsar upplýsingar

um orkumál, svo sem vinnslu, innflutning, notkun og verð á orku og um vissa þætti í rekstri orkumannvirkja. Auk þess eru þar ýmsar aðrar upplýsingar tengdar orkubúskap þjóðarinnar svo og um hagkvæma orkunotkun, aðra orkugjafa, styrki Orkusjóðs, niðurgreiðslur til húshitunar, styrki til jarðhitaleitar og eftirlit Orkustofnunar með sérleyfisþáttum raforkugeirans, flutningi og dreifingu raforku.



Ljósmynd: Helga Barðdal

Fyrirlesarar á ráðstefnu um nýja möguleika til orkuöflunar sem haldin var 17. nóvember 2004.

Ráðstefnur og kynningar

Á árinu voru haldnar tvær ráðstefnur, annars vegar um vistvænt eldsneyti og hins vegar um aðra orkukosti. Um hundrað manns sóttu hvora ráðstefnu og þóttu þær takast vel. Á ráðstefnunum voru kynnt fjölmörg verkefni sem unnið er að og hefur Orkustofnun tekið þátt í mörgum þeirra.

Aætlað er að halda áfram kynningu á verkefnum með þessum hætti. Hægt er að fræðast nánar um fyrirlestra ráðstefnanna á vef stofnunarinnar, www.os.is.

Gestagangur

Gestkvæmt var á Orkustofnun á árinu. Gestirnir voru flestir erlendir og má þar nefna, sendiherra, ráðherra, námsmenn, háskólakennarar og blaðamenn sem allir vildu fræðast um íslensk orkumál.



Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Auðlindadeild

Hlutverk og helstu viðfangsefni

Verkefni

Meðal hlutverka Orkustofnunar er að annast rannsóknir á orkulindum landsins og hafsbotsins og öðrum jarðrænum auðlindum, og gefa stjórnvöldum ráð um skynsamlega og hagkvæma nýtingu þeirra. Ennfremur að safna gögnum um þær og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings. Helstu auðlindirnar eru sem fyrr fallandi vatn og jarðhiti, en stjórnvöld búa sig einnig undir að takast á við olíuleit, bæði innan íslensku efnahagslögsögunnar og á alþjóðlegum hafsvæðum þar sem Íslendingar kynnu að öðlast rétt til vinnslu. Grunnvatn er einnig mikilvæg auðlind og hefur verið lögð talsverð vinna í að koma upp gagnagrunni um þann málaflokk, bæði auðlindina sjálfa og vatnsnám úr henni. Unnið var að undirbúningi að reglum um skilyrði þess að hljóta rannsóknar- og nýtingarleyfi, en umsgagnir og síðan eftirlit með slíkum leyfum mun verða æ fyrirferðameira í starfi auðlinda-deildar.

Hafsbotsrannsóknir


Rannsóknir til að skilgreina rétt Íslendinga til alþjóðlegra hafsvæða var langstærsta einstaka verkefnið sem auðlindadeild annaðist. Á árinu lauk öllum fyrirhuguðum mælingum og úrvinnsla hófst af krafti. Til þessa verkefnis var varið um 230 m.kr.

Vatnamælingar og rannsóknir á orkulindum

Önnur viðamikil verkefni eru vatnamælingar og rannsóknir á orkulindum, og fara tæplega 100 m.kr. til hvors verkefnaflokksins um sig. Meðal verkefna í fyrrnefnda flokknum er samnorraent verkefni um áhrif veðurfarsbreytinga á orkuauðlindir og orkuvinnslu. Í því gegna Íslendingar forystuhlutverki, bæði í stjórn verkefnisins og í mati á viðbrögðum jökla. Umfang rannsókna á orkulindum tekur mið af rammaáætlun um vatnsafl og jarðvarma, bæði leifar frá fyrri áfanga, sem lauk að mestu árið 2003, og öflun nýrra gagna fyrir síðari áfanga.

Gagnagrunnar

Umsýsla gagnamála er stór málaflokkur en undanfarin áratug hefur mikið magn gagna verið tölvutekið og þau tengd landfræðilegri staðsetningu. Á árinu var aðgengi að gögnum, bæði fyrir almenning og stjórnvöld bætt verulega. Til þessa verks hlaut stofnunin styrk frá íslenska upplýsingasamfélaginu, átaksverkefni ríkisstjórnarinnar. Nú er hægt að skoða gögn Orkustofnunar og margra orkufyrirtækja sem eiga gögn í gagnagrunni stofnunarinnar í svonefndri Gagnavefsjá. Gögnin birtast á hæðarlínu- og vatnagrunni Landmælinga Íslands, samkvæmt samningi þar um. Sjá nánar um gagnavefsjá á bls 9.



Svona lítur gagnavefsjain út á tölvuskjá. Myndin sýnir jarðhita- og háhitasvæði auk vindatlas. Einnig má sjá upplýsingar um veðurstöðina í Bláfjöllum.



Ljósmynd: Helga Barðadóttir

Helga P. Finnsdóttir, Steinunn Hauksdóttir og Helga Tulinus á bás Orkustofnunar á ráðstefnu Lisusamtakanna um landupplýsingar sem haldin var 30. sept. 2004. Á ráðstefnunni var Náttúruvefsjain formlega opnuð og einnig var Gagnavefsjain kynnt.

Nýr framkvæmdastjóri Alþjóða jarðhitasambandsins



Þann 1. september 2004 lét Valgarður Stefánsson, eðlisfræðingur af störfum hjá Orkustofnun, eftir áratuga starf þar, seinast sem deildarstjóri auðlindadeildar. Hann starfaði óslitið á stofnuninn frá 1973, fyrir utan 5 ár sem hann starfaði sem sérfræðingur hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Valgarður er meðal færustu jarðhitasérfræðinga landsins. Hann hefur verið virkur í erlendu samstarfi og er virtur meðal starfsbræðra jafnt hér heima sem erlendis.

Valgarður var ráðinn framkvæmdastjóri Alþjóða jarðhitasambandsins (IGA), þegar Samorka tók við rekstri aðalskrifstofu samtakanna 1. september síðastliðinn til næstu 5 ára.



Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Vatnamælingar

Gott ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar árið 2004 endurspeglaðist m.a. í því að þrátt fyrir töluvert álag tókst að halda afkomu Vatnamælinga í jafnvægi á árinu. Heldur dró þó úr hraðri veltuaukningu sem einkennt hefur starfsemina nokkur undanfarin ár. Velta ársins 2004 að meðtöldu vörslufé var 346,6 m.kr., eða 9% meiri en 2003. Veltuaukning þess árs var hins vegar um 21% og ársins þar á undan 29%. Hefur umfang Vatnamælinga á mælikvarða veltunnar ríflega tvöfaldast á síðustu fimm árum. Að teknu tilliti til innstreymis og útstreymis vörslufjár vegna umsýslu verkefna voru tekjur umfram gjöld 1,8% af veltu. Unnin ársverk voru 43 talsins, sem var 19% aukning frá fyrra ári. Starfsmenn voru 44, þar af 17 lausráðnir og sumarstarfsmenn.

Meiri aukning í fjölda vinnustunda en í fjárhagslegri veltu skýrist einkum af þrennu. Í fyrsta lagi var aukin áhersla lögð á að sinna innri verkefnum og þjónustu í upplýsingatækni, í nánú samhengi við fyrstu skref í uppbyggingu á gæðakerfi. Hafa helstu viðskiptamenn Vatnamælinga lýst ánægju með það frumkvæði og lofað nokkrum stuðningi við gæðastarfið. Í öðru lagi bættust allmargir vatnshæðarmælar við í mælakerfinu, bæði vegna jarðhita- og vatnsorkunýtingar, en stofnkostnaður þeirra og uppsetningarvinna eru afskrifuð á nokkrum árum og skila sér í veltu síðar. Í þriðja lagi tapaðist verulegur vinnutími vegna flutninga á starfsfólki, húsbúnaði og skjólum fram og til baka í húsinu vegna yfirstandandi umbóta á húsnæðinu. Á móti kemur betra umhverfi að þeim loknum, sem þegar hefur haft góð áhrif.

Stærstu verkkaupar voru sem áður auðlinda-

deild Orkustofnunar og Landsvirkjun, hvor um sig með 35% af veltunni, en margir aðilar eru að þeim 30% sem þá standa eftir.

Mælakerfið 2004

Árið 2004 voru settir upp fimm grunnvatnsmælar á Suðurnesjum til viðbótar við átta af tíu eldri mælistöðvum sem endurnýjaðar voru árið áður og reknar eru fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Þar með er nokkurn veginn lokið endurnýjun mælakerfisins á Suðurnesjum, sem gerð var í kjölfar endurskoðunar á þörfum grunnvatnslíkans af svæðinu. Þá voru settir upp þrjár nýir grunnvatnsmælar og einn rennslisgæfur mælir á Hellisheiði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Stærra og öflugra mælakerfi til eftirlits með grunnvatni endurspeglar aukna nýtingu jarðhita og grunnvatns á Suðvesturlandi, til raforkuframleiðslu, upphitunar og neyslu. Einnig var mælakerfi endurskoðað og settir upp tveir nýir rennslisgæfir vatnshæðarmælar við Andakilsárvirkjun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Við Lagarfljót, Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal var samið um áframhaldandi rekstur á nokkrum eldri vatnsborðsstöðvum og settar upp fimm nýjar fyrir Landsvirkjun til eftirlits með áhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Meginhluti breytinga í vatnshæðarmælakerfinu árið 2004 tengdist þannig aukinni nýtingu á jarðhita og vatnsorku til raforkuframleiðslu. Vöktunarkerfi vatnshæðarmæla við Mýrdalsjökul vegna yfirvofandi Kötluhlaups, ásamt öðrum verkefnum sem samráðshópur vöktunaraðila gerði tillögur um, komst loks á fjárlög ársins

2005. Fram að þessu hefur verið staðið undir rekstri vöktunarinnar með framlögum af fjárlögum. Veðurstofa Íslands er umsýsluaðili með fjárveitingu til vöktunar Mýrdalsjökuls.

Nýsköpun, þróun og rannsóknir

Segja má að starfsemi Vatnamælinga hafi á árinu 2004 einkennst af nýsköpun, þróun og rannsóknum, og lýsti það sér ekki hvað síst á sviði upplýsingatækni, svo sem við vinnu að Náttúruvefsjá og Gagnavefsjá. Einnig var unnið mikið nýsköpunarstarf í tækjasmíði fyrir jöklamælingar með stuðningi Rannís, Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar.

Hannaður var og smíðaður nýr bræðslubor, sem kemst niður á allt að 600 m dýpi. Einnig var þróaður áfram ískjarnabor til notkunar í þjóðjökulum, og er smíði hans vel á veg komin. Norræna Climate & Energy verkefnið og íslenskt systurverkefni þess, Veður og orka fóru af stað. Þeim er báðum stýrt af Vatnamælingum, auk þess sem miðlun upplýsinga inn á við og um verkefnið út á við er í þeirra höndum. Með þessum verkefnum, sem styrkt eru af Norræna orkusjóðnum, Orkusjóði, Landsvirkjun, iðnaðarráðuneytinu og Orkustofnun, er ætlunin að meta möguleg áhrif veðurfarsbreytinga á vatnafar og vindhraða og þar með á framleiðslu á endurnýjanlegri orku. Þeim tengist t.d. vinna að gerð afrennsliskorta með nútímaaðferðum, þróun og samhæfing reitbundinna veður- og rennislíkana og samþætting í starfi að jöklarannsóknum á Íslandi.



Ljósmynd: Snorri Zóphóníasson

Sigmaður setur upp festur fyrir skynjararör á stífluvegg í Glerá.



Ljósmynd: Snorri Zóphóníasson

Gengið frá festum fyrir skynjararör í Víðidalssá.

Hólmsá, Hólmsárfoss

Ljósmynd: Snorri Zóphóníasson



Ljósmynd: Snorri Zóphóníasson



Ljósmynd: Snorri Zóphóníasson



Nýrri tegund af síritahúsi komið fyrir. Húsið er framleitt í tveimur hlutum þannig að unnt sé að bera það á staðinn. Inni í húsinu er lítið borð fyrir fartölvu, bekkur með rafgeymi ásamt síritanum sjálfum sem er stafrænn.

Ráðgjöf og umsagnir



Eitt mikilvægasta hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um orkumál. Í því felst m.a. að veita umsagnir um ýmis þingmál, leyfisveitingar og umhverfismat, en líka að sitja í opinberum nefndum um orkumál. Helstu mál af þessum toga árið 2004 eru eftirtalin.

Umsagnir um þingmál

- Frumvarp til breytinga á raforkulögum, nr. 65/2003, bæði á vor og haustþingi
- Frumvarp til laga um ábúðarlög og jarðalög
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi
- Frumvarp til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, breytt eignarhald
- Frumvarp til laga um jöfnuð kostnaðar við dreifingu raforku
- Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
- Frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur
- Frumvarp til laga um stofnun Landsnets hf.
- Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu
- Frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess
- Frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum
- Tillaga til þingsályktunar um friðun Jökulsár á Fjöllum
- Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008
- Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð
- Tillaga til þingsályktunar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

Aðrar umsagnir

- Álit á því hvort rannsóknarboranir á Hengils-svæðinu skyldu háðar mati á umhverfisáhrifum
- Drög að reglugerð um ölkelduvatn og áttappað lindavatn
- Forkaupsréttur á jörðinni Breiðabólstað í Ölfusi
- Niðurlagning Skeiðsfossvirkjunar
- Ný reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar
- Drög að reglugerð um Orkuveitu Reykjavíkur
- Umfang jarðhitaréttinda í Hagavík í Grafningi vegna forkaupsréttar ríkissjóðs
- Vatnsborðssveiflur í Þingvallavatni
- Ákvæði um matsskyldu stækkunar Lagarfjóttsvirkjunar
- 26 styrkumsóknir til Orkusjóðs

Umsagnir um leyfi

- Umsókn um nýtingarleyfi fyrir jarðhita í landi Munaðarness
- Umsókn Kópavogsbæjar um nýtingarleyfi á grunnvatni í Vatnsendakrikum í Heiðmörk
- Umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi á vatnasviði Skjálfandafljóts
- Umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi á jarðhita í Gjástykki
- Umsókn Melmis ehf. til að leita verðmætra málma á 14 landsvæðum
- Umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um nýtingarleyfi vegna neysluvatnsvinnslu í Grábrókarhrauni
- Umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um virkjunarleyfi fyrir 80 MW raforkuveri á Hellisheiði
- Umsókn Orkuveitu Reykjavíkur um virkjunarleyfi vegna virkjunar í Skjálfandafljóti
- Umsókn um leyfi til lagningar Fljótsdalslínu 3 og 4 og breytingar á Kröflulínu 2 á Fljótsdalsheiði og í Fljótsdal
- Umsókn um leyfi vegna lagningar 420 kV háspennulínu, Sultartangalínu
- Umsókn um stækkun Lagarfossvirkjunar
- Umsögn um leyfi til virkjunar Glerár, Akureyri
- Umsögn um leyfi til virkjunar Straumfjarðarár
- Sjö umsagnir um rannsóknarleyfi rannsóknarskipa í íslenskri lögsögu

Nefndir og vinnuhópar á vegum hins opinbera

- Nefnd til endurskoðunar vatnalaga, nr. 15/1923
- Starfshópur um framkvæmd þingsályktunar um neysluvatn
- Íslenska vatnafræðinefndin
- Nefnd um fyrirkomulag flutnings raforku samkvæmt bráðabirgðaákvæði VII við raforkulög, nr. 65/1993
- Samráðsnefnd um raforkueftirlit
- Nefndir um setningu reglugerða á grundvelli raforkulaga, nr. 65/1993
- Nefnd um mat verðmæta þeirra flutningsvirkja sem mynda Landsnet hf.

Aðrar nefndir

- Nefnd vegna 100 ára afmælis raforkunnar
- Orkuspárnefnd



Jarðhitaskóli

Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Starfsemin 2004

Jarðhitaskólinn (JHS) var settur í 26. sinn 3. maí 2004. Alls 18 nemendur frá 8 löndum luku reglulegu sex mánaða námi við skólann. Komu 2 nemendur frá Eritreu, 2 frá Eþíopíu, 3 frá Indónesíu, 2 frá Íran, 2 frá Kenía, 4 frá Kína, 2 frá Mongólíu og 1 frá Rússlandi. Nemendurnir stunduðu sérhæft nám í fimm greinum: 5 í umhverfisfræði, 4 í verkfræði, 4 í forðufræði, 3 í efnafræði og 2 í jarðfræði. Sextán nemendanna voru kostaðir af Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) og íslenskum stjórnvöldum en nemarnir frá Eritreu voru að hluta styrktir af Jarðfræðistofnun Þýskalands. Alls hafa 318 raunvísindamenn og verkfræðingar frá 39 löndum lokið sex mánaða sérhæfðu námi við skólann. Þar af 48 konur eða 15%. Nemendurnir hafa komið frá Afríku (26%), Asíu (44%), Mið- og Austur-Evrópu (16%) og Mið-Ameríku (14%).

Fimm nemendur JHS stunduðu meistaranám við Háskóla Íslands (HÍ) á árinu á styrkjum frá JHS samkvæmt samstarfssamningi JHS og HÍ. Tveir, báðir frá Kenía, luku meistaranám í jarðfræði og umhverfisfræði vorið 2004. Hinir þrír eru frá Mongólíu (jarðhitaverkfræði), Íran (umhverfisfræði) og Úganda (umhverfisfræði). Þeir ljúka væntanlega allir námi sínu 2005. Meistaraneinn frá Úganda er kostaður af Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Kennslan árið 2004 var einkum í höndum sérfræðinga Íslenskra orkurannsókna, eða 65%, en aðrir sérfræðingar sem kenndu við skólann komu frá Háskóla Íslands, Orkustofnun, Háskólanum á Akureyri, rannsóknastofnunum, verkfræðistofnum og orkufyrirtækjum. Um helmingur námsins við JHS er tengdur rannsóknaverkefnum nemenda

sem þeir vinna undir leiðsögn íslenskra sérfræðinga. Árið 2004 fjölluðu 15 af 18 rannsóknaskýrslum nemenda um verkefni í heimalöndunum (sjá ritlista), en markmið skólans er að sem flest rannsóknaverkefni tengist heimalöndum nemenda beint.

Styrkur skólans felst í vönduðu vali á nemendum, hæfni kennaranna og gæðum þess starfsumhverfis sem námið fer fram í. Á árinu var farið til El Salvador, Eritreu, Eþíopíu, Kenía, Kína, Rússlands og Túnis að velja nemendur, heimsækja jarðhitastofnanir og flytja fyrirlestra. Einnig voru sóttar ráðstefnur og fundir á vegum HSþ í Ástralíu, Finnlandi, Hollandi, Póllandi og Þýskalandi.

Árlegur gestafyrirlesari var Dr. Peter Seibt, verkfræðingur og framkvæmdastjóri GTN-Geothermie Neubrandenburg GmbH í Þýskalandi. Hann flutti fyrirlestra um jarðhitanytingu í Evrópu, einkum hönnun borhola og dælubúnað þar sem heitu vatni er dælt úr setlögum í varmaskipta og volgu vatni aftur niður í jarðlögin. Myndefni fyrirlestranna með skýringartextum verður birt á vefsíðu JHS. Árbók Jarðhitaskólans 2003 með rannsóknaskýrslum nemenda var gefin út á árinu svo og meistaraþrófsritgerðir nemendanna tveggja frá Kenía.

Jarðhitaskólinn er rekinn samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSþ) og Orkustofnunar fyrir hönd íslenska ríkisins. Árið 2004 komu 90% af grunnfjárframlögum skólans frá íslenska ríkinu og um 10% frá HSþ. Aðalstöðvar HSþ eru í Tókýó í Japan. Mestöll kennsla og rannsóknir á vegum skólans fer fram í undirstofnunum og tengdastofnunum víða um heim. Jarðhitaskólinn sér um öll mál sem snerta jarðhita á vegum HSþ.



Aftari röð frá vinstri: Akalewold Seifu (Eþíopía), Erdenesaikhan Ganbat (Mongolía), Mulugeta Asaye (Eþíopía), Moeljanto (Indónesía), Boldbaatar Burentsagaan (Mongolía), Hossein Yousefi Sahzabi (Íran), Saeid Jalili Nasrabady (Íran), Ermias Yohannes (Eritrea). Fremri röð frá vinstri: George A. Chelnokov (Rússland), Xu Wei (Kína), Li Junfeng (Kína), Luo Heng (Kína), Lei Haiyan (Kína), Mohammed Omer (Eritrea), Pacifica F.A. Ogola (Kenía), Agus A. Zuhro (Indónesía), Godwin M. Mwawongo (Kenía) og Hendrick H. Siregar (Indónesía).



Ljósmynd: Oddur Sigurðsson

Orkutölfræði

Notkun frumorku á Íslandi 1995-2004, PJ

Orkutegund	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Vatnsorka	16,8	17,1	18,7	20,2	21,8	22,9	23,7	25,1	23,5	25,7
Jarðhiti	48,3	50,4	51,9	55,7	69,9	73,6	78,9	78,2	77,3	79,7
<i>Olía, keypt á Íslandi</i>	25,1	26,7	27,1	27,2	28,5	27,7	26,8	27,4	27,8	28,2
<i>Olía, keypt erlendis</i>	5,3	6,6	6,8	7,1	7,6	8,8	8,6	8,9	8,5	9,0
Olía, samtals	30,4	33,3	33,9	34,3	36,1	36,5	35,4	36,3	36,3	37,2
Kol og koks	2,6	2,6	2,7	2,4	2,9	4,0	4,3	4,3	4,4	4,3
Samtals	98,1	103,4	107,2	112,6	130,7	136,8	142,3	144,0	143,4	146,8

Notkun frumorku á Íslandi 2004 og 2003


	2004			2003		
	ktoí	PJ	%	ktoí	PJ	%
Vatnsorka	613	25,7	17,5	609	25,5	17,8
Jarðhiti	1904	79,7	54,3	1847	77,3	53,9
<i>Olía, keypt á Íslandi</i>	672	28,2	19,2	664	27,8	19,4
<i>Olía, keypt erlendis</i>	215	9,0	6,1	202	8,5	5,9
Olía, samtals	888	37,2	25,3	866	36,2	25,3
Kol og koks	102	4,3	2,9	104	4,4	3,0
Samtals	3507	146,8	100,0	3426	143,4	100,0

Raforkuvinnsla og verg raforkunotkun 2004 og 2003


	2004		2003	
	MW	%	MW	%
Afl orkuvera				
Vatnsorka	1155	78,4	1151	77,8
Jarðhiti	202	13,7	202	13,0
Eldsneyti	115	7,9	123	9,2
Samtals	1473	100,0	1475	100,0
Raforkuvinnsla	GWh	%	GWh	%
Vatnsorka	7131	82,7	7084	84,1
Jarðhiti	1483	17,2	1406	15,8
Eldsneyti	5	0,1	5	0,1
Samtals	8619	100,0	8495	100,0
Raforkunotkun	GWh	%	GWh	%
Stóriðja	5449	63,2	5446	64,1
Almenn notkun	3171	36,8	3048	35,9
Heildarnotkun (sala)	8619	100,0	8493	100,0

Verðþróun heimsmarkaðsverðs á hráolíu og á 95 oktana bensíni á Íslandi 1990-2004

Bensínverð og oliuverð = 100 (jan 1992)




Raforkunotkun árið 2003




Eldsneytisnotkun innanlands og í samgöngum 1982-2003


Þúsund tonn




Raforkunotkun í GWh 1995 til 2004




Frumorkunotkun 1940-2004




Samánburður á orkuverði til húshitunar september 2004



Jarðhitanotkun árið 2003



Notkun frumorku í PJ 1996 til 2004





Annáll orkumála

Landsvirkjun

- Vinna hélt áfram við jarðgöng og stíflustæði Kárahnjúkavirkjunar. Í árslok var lokið við um 20% af göngunum. Vinna við stöðvarhúshellinn í Valþjófsstaðarfjalli gekk hraðar en ráð var fyrir gert.

Rafmagnsveitur ríkisins

- Stækkun Lagarfljótsvirkjunar um 18 MW var undirbúin. Meira vatn í Lagarfljóti með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar gerir stækkunina mögulega.

Orkubú Vestfjarða

- Vélbúnaður Blævardalsárvirkjunar bilaði í febrúar og í kjölfarið var hann endurnýjaður. Framleiðsla hefst aftur í janúar 2005.
- Undirbúningur virkjunar í Tungudal er langt kominn.

Hitaveita Suðurnesja

- Á árinu keypti HS rafmagnshluta Selfossveitna bs. Þar með kaupir HS forgangsortku í einu lagi af Landsvirkjun fyrir

Suðurnes, Hafnarfjörð, Vestmannaeyjar og Selfoss.

- Áfram var borað eftir gufu á Reykjanesi og lokið við holur nr. 14, 15 og 16 og mikinn hluta holu nr. 17.
- Vinna hófst við stöðvarhús fyrir virkjun á Reykjanesi.

Orkuveita Reykjavíkur

- Lokið var við fimm gufuholur á Hellisheiði og eina niðurdælingarholu í Svínahrauni fyrir af-fallsvatn frá væntanlegri Hellisheiðarvirkjun.
- Heitt vatn var leitt í sumarhúsin í Munaðar-nesi í Stafholtstungum.
- Eldi á risarækju var sannreynt í Ölfusi. Heita vatnið í eldið kom frá borholu á Eystribakka.
- OR keypti Hitaveitu Hveragerðis. Hitaveitan er ein sú elsta á landinu og þjónaði nær öllum íbúum í Hveragerði. Allar vinnsluholur veitunnar gefa bæði heitt vatn og gufu.
- OR keypti Austurveitu hf. í Ölfusi. Veitan fær heitt vatn frá tveimur borholum í Gljúfurárholti.

Norðurorka hf. á Akureyri

- Lokið var við að leggja aðveituæð og dreifikerfi yfir á Svalbarðseyri og á Svalbarðsströnd frá Eyjafirði. Heitt vatn er komið í flest hús á veitusvæðinu.
- Undirbúningur hófst við endurbyggingu Glerárvirkjunar á Akureyri.

Hitaveita á Eskifirði

- Um miðjan febrúar var lokið við að bora seinni vinnsluholuna í Eskifjarðardal. Svæðið gefur nóg vatn fyrir hitaveitu á Eskifirði. Unnið er við aðveituæð og dreifikerfi og áætlað er að fyrstu húsin verði tengd í febrúar 2005.

Litlar vatnsaflsstöðvar

- Kerahnjúkavirkjun í landi Burstabrekku í Ólafsfirði og Stuttárvirkjun og Kiðárvirkjun I og II í landi Húsafells í Borgarfirði framleiða rafmagn og selja inn á dreifikerfi RARIK.
- Djúpadalsvirkjun I í Eyjafirði tók til starfa í lok apríl. Hún selur inn á kerfi Norðurorku hf.
- Múlavirkjun í Straumfjarðará á Mýrum er í byggingu og á að taka til starfa vorið 2005. Hitaveita Suðurnesja hefur samið um kaup á allri framleiðslu virkjunarinnar til næstu 12 ára.

Litlar hitaveitur

- Skáholá var dýpkuð á Berserkseyri við Kolgrafarfjörð úr 75 metrum niður í 404 metra. Sjálfrennsli er úr holunni af 75° C heitu vatni. Vatnið er bæði salt og kolsýruríkt. Ef nýta má vatnið eru góðar vonir um að finna megi meira heitt vatn og leiða til Grundarfjarðar yfir nýju brúna í Kolgrafarfirði.
- Í Stórabotni í Hvalfirði var boruð 1.026 m djúp heitavatnshola fyrir sumarhús. Sjálfrennsli er úr holunni af 45° C heitu vatni.
- 516 metra djúp hola var boruð í landi Þverár í Ólafsfirði. Holan gefur mikið af 45° C heitu vatni í sjálfrennsli sem verður notað fyrir sumarhús í nágrenninu.
- Hitaleitarhola var dýpkuð niður í 1.026 m í Húsadal í Þórsmörk. Mikið af 45° C heitu vatni kom í holuna og þar af eru 1,5 l/sek. sjálfrennandi. Ferðalangar í Þórsmörk munu væntanlega njóta góðs af heita vatninu.

Önnur not af jarðhita


- Heitt vatn er nú notað til þess að þurrka þorskhausa á mörgum stöðum. Má þar nefna staði eins og Akranes, Suðureyri við Súgandafjörð, Dalvík, Hjalteyri og í nágrenni við gufuholurnar á Reykjanesi.
- Þorskhausar eru líka þurrkaðir til sveita langt inni í landi; á Miðhrauni á Snæfellsnesi, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Egilsstöðum á Héraði og í landi Efrasels í Hrunamannahreppi.

Orkunotkun og orkuvinnsla

